

# Skýrsla um innra mat



Brúarskóli

2018-2019

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Um Brúarskóla .....	2
Innra mat í Brúarskóla .....	2
Niðurstöður innra mats .....	3
Vinnuáætlanir .....	3
Lýðræðisleg vinnubrögð .....	3
Ráðgjöf innan Brúarskóla.....	5
Faglegt samstarf .....	5
Samstarf við samstarfsskóla og BUGL .....	6
Velferð og líðan nemenda .....	6
Samantekt .....	8
Vinnuáætlanir .....	8
Styrkleikar .....	8
Tækifæri til umbóta .....	8
Lýðræðisleg vinnubrögð .....	8
Styrkleikar .....	8
Tækifæri til umbóta .....	8
Ráðgjöf innan Brúarskóla.....	8
Styrkleikar .....	8
Tækifæri til umbóta .....	8
Faglegt samstarf .....	9
Styrkleikar .....	9
Tækifæri til umbóta .....	9
Samstarf við nærskóla og BUGL.....	9
Styrkleikar .....	9
Tækifæri til umbóta .....	9
Velferð og líðan nemenda .....	9
Styrkleikar .....	9
Tækifæri til umbóta .....	9
Umbótaáætlun 2018-2020 .....	9
Heimildir .....	10

Gögn ..... 10

## Inngangur

### *Um Brúarskóla*

Brúarskóli er annar af tveimur sérskólum í Reykjavík. Hann var stofnaður árið 2003 og er ætlaður fyrir nemendur sem eiga við alvarlegan geðrænan, hegðunarlegan eða félagslegan vanda að etja. Skólinn starfar á fimm stöðum í borginni. Í Vesturhlíð er pláss fyrir 24-27 nemendur hverju sinni, ástamt því að ráðgjafarsvið skólans er staðsett þar. Í Breiðholti og Grafarvogi eru starfræktir þátttökubekkir, Brúarsel og Brúarhús, í samstarfi við Seljaskóla annars vegar og Húsaskóla hins vegar. Þátttökubekkirnir eru ætlaðir nemendum á miðstigi úr þessum hverfum og er pláss fyrir 4-6 nemendur í hvorum bekk. Á Dalbraut fer fram sjúkrakennsla fyrir nemendur sem eru á Barna- og unglingsgeðdeild og á Stuðlum er einnig sjúkrakennsla fyrir þá nemendur á grunnskólaaldri sem þar eru. Í Brúarskóla eru um 50 starfsmenn og eru kynjahlutföll í starfsmannahópnum jöfn.

Brúarskóli er tímabundið úrræði og markmiðið „að skapa jákvæð og uppbyggileg skilyrði svo nemandinn geti bætt hegðun sína og félagsfærni í námi og skólastarfi og jafnframt er heimaskóli nemandans eflur til áframhaldandi starfs með honum.“ (Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir, 2012, bls. 28).

Við Brúarskóla starfar ráðgjafarteymi sem veitir starfsmönnum almennra skóla ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu. Í ráðgjafarteyminu starfa deildarstjóri, þroskaþjálfari, sálfræðingur og kennarar.

Einkunnarorð Brúarskóla eru jákvæðni, virðing og ábyrgð og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

### *Innra mat í Brúarskóla*

Grunnskólum ber, skv. 35. og 36. greinum gildandi laga um grunnskóla, að gera innra mat á starfsemi skólans (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Markmið með matinu eru að upplýsa um starfsemi skólans og tryggja gæði og framþróun skólastarfsins.

Í Brúarskóla starfar matsteymi sem leitt er af stjórnendum skólans. Teymið vinnur samkvæmt áætlun um innra mat sem nánar er fjallað um í skólanámskrá.

Vegna sérstöðu skólans eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á sjálfsmatið og framsetningu niðurstaðna. Má þar helst nefna fæð nemenda og í hversu stuttan tíma þeir stunda nám við skólann. Ekki er unnt að birta nákvæmar niðurstöður varðandi nám nemenda og ekki hægt að gera endurtekið mat á árangri í námi vegna þess hve stutt nemendur stoppa við. Auk þess er foreldrasamstarf ekki með hefðbundnum hætti vegna stuttrar skólavistar nemenda.

## Niðurstöður innra mats

Skólaárið 2018-2019 var áhersla í innra mati lögð á eftirfarandi þætti: *Vinnuáætlanir, lýðræðisleg vinnubrögð, ráðgjöf innan Brúarskóla, faglegt samstarf, samstarf við nærskóla og BUGL og velferð og líðan nemenda*. Hér á eftir eru helstu niðurstöður úr matinu.

### *Vinnuáætlanir*

Vinnuáætlanir eru gerðar fyrir hvern nemanda. Tilgangur með vinnuáætlun er að halda utan um nám nemenda, þau markmið sem unnið er að hverju sinni, hvaða leiðir eru farnar í náminu og mat á því hvernig til hefur tekist. Vinnuáætlun er ætlað að vera „lifandi skjal“ þar sem markmið eru endurskoðuð og uppfærð reglulega og kennarar og nemendur geta fylgst með framvindu námsins.

Við skoðun á úrtaki á vinnuáætlunum kom í ljós að almennt er gerð vinnuáætlun fyrir hvern nemanda og markmið og leiðir tilgreind í hverri kennslugrein. Í sumum tilvikum hafa ekki verið sett inn markmið og leiðir fyrir námsgrein. Þá getur verið um að ræða námsgreinar sem nemandi hefur ekki verið í og eðlilegt væri að taka út, en einnig eru það verkgreinar í þáttökubekkjum, sem kennarar í samstarfsskólunum kenna.

Markmið eru oft skýr, einföld og mælanleg. Þó eru sum markmið margþætt, óljós og erfitt að meta hvort þeim hafi verið náð.

Í nokkrum tilvikum hefur ekki verið metið á hverri önn, mögulega markmið sem eiga við um seinni annir og var ekki unnið með á fyrri önnum, en svo er ekki í öllum tilvikum.

Í nokkrum tilvikum vantar inn í bakgrunnsupplýsingar, s.s. markmið með skólavist.

Í samtölum við kennara kom fram að ástæða er til þess að breyta forminu á vinnuáætlunum í skólanum. Kennarar óska eftir að vinnuáætlun sé einfölduð og hún gerð skýrari þannig að hún nýtist betur sem vinnuskjal. Einnig kom fram að vinnuáætlun þurfi að vera sýnilegri fyrir nemendur. Þeir kennarar sem hafa haft vinnuáætlun í sinni grein sýnilega segja að það skili sér í því að nemendur séu meðvitaðri um námið sitt og hafi meiri áhrif á það.

### *Lýðræðisleg vinnubrögð*

Eitt af hlutverkum skóla er að undirbúa nemendur fyrir þáttöku í lýðræðislegu samfélagi og er lýðræði og mannréttindi ein af grunnstoðum í þeirri menntastefnu sem nú er starfað eftir. Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir: “Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði” (bls. 21) og „[m]ikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi“ (bls. 21).

Kennarar Brúarskóla rýndu í skólastarfið og skoðuðu hvernig lýðræði og ábyrgð nemenda á námi sínu birtist í starfinu.

Á unglingsstigi eru markmið nemenda í námi og hegðun rædd reglulega og nemendur þekkja markmið sín. Nemendur hafa val um verkefni í bóklegu námi og geta komið á framfæri óskum, s.s. varðandi matseðil.

Á miðstigi í Vesturhlíð eru markmið í námi og hegðun kynnt fyrir nemendum, sem og ef breytingar eru gerðar á þeim. Markmið í hegðun eru sýnileg í hvatningabókum og skammtímamarkmið í námi eru einnig sýnileg. Nemendur hafa val um í hvaða röð þeir vinna verkefni á vikuáætlun og hafa stundum val um námsefni. Þeir geta einnig valið sér verkefni í þemavinnu og geta komið með hugmyndir að verkefnum í þemavikum. Á miðstigi er hugmyndakassi sem nemendur geta sett ýmsar hugmyndir sínar í og kennarar vinna úr reglulega og reynt er að mæta því sem hægt er. Markmið og framvinda er rædd í foreldraviðtölum og þar hafa nemendur einnig sett sér ný markmið, ýmist í námi eða hegðun.

Í Brúarseli taka nemendur þátt í ákvarðanatöku um nám sitt á þann hátt að þeir koma með hugmyndir að verkefnum út frá áhugasviði sínu eða viðfangsefni námsgreina. Markmið í námi eru sýnileg nemendum og þeir geta valið sér námsefni innan ákveðins ramma. Nemendur eru meðvitaðir um markmið sín í hegðun og rætt er við þá um af hverju þeir þurfa aðstoð við að tileinka sér ákveðna hegðun.

Í Brúarhúsum eru allir nemendur með einstaklingsmiðuð námsmarkmið og aðlagð námsefni. Kennarar ræða markmið reglulega við nemendur. Í vetur var áhersla á markmið í hegðun þar sem allir nemendur höfðu skýr markmið, tvö til þrjú í senn sem unnið var markvisst með. Opinskáar umræður voru um markmið nemenda, hvernig hegðun er æskileg og hvað nemendur gátu gert til þess að ná markmiðum sínum. Hvatningakerfi eru vel útskýrð fyrir nemendum og farið vel yfir hvers vegna þeir fá áminningu vegna hegðunar. Nemendur fylgjast með framvindu sinni á teiknaðri brú þar sem þeir meta sjálfir með kennara hvar þeir eru staddir á brúnni á milli Brúarhúsa og heimaskóla. Þetta hefur gefist vel og nemendur oftast raunsærir á gengi sitt. Nemendur koma að ákvörðunartöku varðandi þemaverkefni og ýmis minni verkefni, og í kennslustofu er hugmyndakassi þar sem þeir geta komið hugmyndum, óskum og kvörtunum á framfæri. Í spilatímum birtist nemendalýðræði í því að allir koma með hugmynd að spili og svo er kastað upp á hvaða spil verður fyrir valinu. Nemendur geta að auki komið með hugmyndir að hvaða valkostir umbunar eru boði í teygjubúð (eitt af hvatningakerfum sem notuð eru) og þegar þeir hafa unnið sér inn fyrir umbun þurfa þeir að koma sér saman um hvað verður keypt, hver borgi og hversu mikið. Þetta reynir á lýðræðislegar umræður og þátttöku.

Í myndmennt, textíl og smíði í Vesturhlíð er vinnuáætlun sýnileg nemendum. Kennari setur fram ákveðin verkefni sem á að vinna eða efni sem á að vinna með en nemendur hafa val um í hvaða röð þeir vinna verkefni og komið með hugmyndir að því hvernig þeir vinna með tiltekið efni. Auk þess hafa nemendur færi á að koma með óskir um verkefni og leitast við að vinna út frá áhuga nemenda. Reglulega er farið yfir vinnuáætlun með nemendum og framvindan skoðuð með þeim. Í heimilisfræði og UTM er rætt við nemendur um hvað þá langar að læra og komið til móts við óskir þeirra eftir því sem hægt er, í samræmi við markmið í námskrá.

Í starfinu í Brúarskóla er reynt að koma til móts við áhuga nemenda í verkefnavali og þeim gefinn kostur á að hafa nokkur áhrif á hvaða verkefni þeir vinna hverju sinni, í samráði við kennara. Í mörgum tilvikum má þó huga að því að ræða oftari við nemendur um markmið þeirra í hegðun og námi og hafa þá með í að setja sér markmið ásamt því að gæta þess að nemendur séu meðvitaðir um að hvaða markmiðum þeir eru að vinna á hverjum tíma og hvernig þeim gengur að ná markmiðum sínum.

### **Ráðgjöf innan Brúarskóla**

Við Brúarskóla starfar ráðgjafarteymi sem hefur það hlutverk að veita starfsfólki Brúarskóla ráðgjöf og aðstoð í vinnu sinni með nemendum skólans, auk þess að veita starfsfólki í almennum skólum ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu

Í innra mati skólaárið 2018-2019 var áhersla lögð á að kanna árangur af ráðgjöf innan Brúarskóla. Markmiðið var að starfsmenn skólans fengju fræðslu og ráðgjöf til þess að takast á við truflandi hegðun nemenda og að eftirfylgd yrði aukin. Rafræn könnun var send starfsmönnum Brúarskóla í maí 2019.

Alls tóku 22 starfsmenn þátt í könnuninni. Könnunin var til að meta árangur ráðgjafar og ánægju starfsmanna með ráðgjöf innan Brúarskóla.

Allir starfsmenn nema þrír sem svöruðu könnuninni höfðu leitað til sviðsins eftir ráðgjöf. Þeir sem ekki leituðu til sviðsins töldu ekki þörf á.

Flestir starfsmenn töldu móttökur þægilegar og fannst þeir velkomnir. Starfsmenn nefndu að ráðgjöfin nýttist í starfi, fannst gott að ræða málin. Engum þótti móttökur óþægilegar eða að þeim fyndist þeir vera að trufla þegar leitað var til sviðsins. Þrír starfsmenn töldu þó ráðgjöfina ekki nýtast í starfi.

Almennt þótti starfsmönnum ráðgjöfin fín eins og hún væri, gott væri að fá endurgjöf á starfið og nýjar nálganir á það sem verið væri að vinna, hverju mætti breyta og bæta. Óskað var eftir að ráðgjafarsvið tæki nemendur í erfiðum málum í markvissa vinnu með ítarlegum hætti. Einnig var óskað eftir að nálgun ráðgjafa væri meira leiðbeinandi en skipandi. Að ráðgjafar þyrftu að kynnast nemendum betur og vera virkari og sýnilegra í heimsóknum á útistöðvar og starfssvið. Óskir um að ráðgjafarsvið samræmi vinnubrögð milli starfsfólks.

Að lokum nefndu starfsmenn að ánægja væri með nýjar og ferskar hugmyndir og starfsmönnum hrósað. Bent á að dreifa sér og vera sýnileg. Bent á að passa upp á viðbrögð við spurningum, að fara ekki í vörn.

### **Faglegt samstarf**

Faglegt samstarf meðal starfsfólks skóla er grundvöllur að skólaþróun og faglegu skólastarfi. Í áætlun um innra mat Brúarskóla var það markmið sett að skapa gott samstarf milli kennara og stjórnenda og að hver kennari fengi tækifæri til að koma sínum skoðunum og hugmyndum á framfæri. Þau viðmið voru sett að deildarstjórar og kennarar væru í reglulegu sambandi og að fagleg hæfni starfsmanna væri eflað og stutt við góðar hugmyndir. Rýnt var í fundargerðir af

fagfundum kennara. Af fundaskráningum að dæma eru fundirnir markvissir og uppbyggilegir og nýtast betur nú en þeir gerðu til að byrja með. Af samtölum við kennara má greina að þeir telja mikilvægt að á fundunum sé fundarstjóri og fyrir fram ákveðið umræðuefni til þess að fundirnir nýtist sem vettvangur fyrir faglega umræðu og samstarf fagfólksins.

Fagfundir og jafnframt fundir í lok dags hafa gefið starfsmönnum færi á að koma á skoðunum sínum og vangaveltum á framfæri.

Faglegt samstarf við ráðgjafarsvið hefur aukist eftir áramót í þátttökubekkjum.

### **Samstarf við samstarfsskóla og BUGL**

Brúarskóli er starfræktur á fimm starfstöðvum. Í Vesturhlíð, Brúarsel við Ingunnarskóla, Brúarhús í Húsaskóla, Dalbraut við BUGL og á Stuðlum. Starfsemin í Brúarseli, Brúarhúsum og á Dalbraut er því í samstarfi við Ingunnarskóla, Húsaskóla og BUGL. Í áætlun um innra mat fyrir skólaárið 2018-2019 var það markmið sett að samstarf við þessa aðila væri náðið, jákvætt og reglubundið og þau viðmið að deildarstjórar á hverri starfsstöð væru í reglulegu sambandi við fulltrúa viðkomandi skóla eða stofnunar og að upplýsingaflæði væri virkt.

Í Brúarhúsum hefur samstarf við Húsaskóla gengið vel, deildarstjóri í Brúarhúsum situr í ráðgjafateymi skólans og fundar reglulega. Einnig hefur Brúarhús aðstoðað skólastjórnendur Húsaskóla við gerð hvatningabóka og umbunarkerfi hafa verið unnin í samstarfi við starfsmenn Brúarhúsa.

Einnig hafa starfsmenn Brúarhúsa aðstoðað skólastjórnendur í Húsaskóla við líkamleg inngríp nemenda í vetur auk þess sem skólastjórnendur Húsaskóla hafa aðstoðað Brúarhús á neyðar stundu.

Brúarhús tekur þátt í flest öllum viðburðum Húsaskóla og hafa nýir stjórnendur bætt enn frekar tenginguna milli Brúarhúsa og Húsaskóla.

Starfsmenn Brúarhúsa hafa einnig tekið þátt í félagslífi starfsmannafélagsins og hafa myndast góð bönd á milli starfsfólks.

Samstarf Brúarsels við Ingunnarskóla hefur gengið vel eftir að bekkurinn flutti þangað í nóvember. Deildarstjóri hefur boðið Ingunnarskóla aðstoð og ráðgjöf sem þau geta leitað eftir, og samstarfssamningur hljóðar uppá. Deildarstjóri sérkennslu í Ingunnarskóla hefur komið í Brúarskóla til að skoða aðstæður og kynnst starfinu þar auk þess sem henni hafa verið sýndar hugmyndir að hvatningarbókum og fleiru í þeim dúr.

Nemendum Brúarsels hefur verið boðið að taka þátt í flest öllum viðburðum Ingunnarskóla, meðal annars hefur þeim boðið að vera eð í popplestri og sjóferð um sundin. Starfsmenn Brúarsels hafa einnig tekið þátt í sumum viðburðum starfsmannafélags Ingunnarskóla og er farið að myndast tengsl á milli.

Kennarar á Dalbraut fá kynningu á væntanlegum/nýjum nemendum af fagaðilum á BUGL áður en þeir koma í skólann. Kennarar hafa síðan samband við heimaskóla hvers nemanda og setja sig inn í þau markmið sem heimaskólinn hefur sett viðkomandi nemanda. Síðan er reynt að

fylgja þeim markmiðum hér í skóla, með fjölbreyttum kennsluháttum. Umsjónarkennari er síðan í sambandi við heimaskóla og BUGL á meðan skólavistinni stendur og er í samstarfi þegar að útskrift kemur og aðlögun að heimaskóla/viðtökuskóla. Kennarar eru í daglegu sambandi við BUGL og einu sinni í viku er haldinn sameiginlegur fundur kennara og fagaðila af BUGL. Þar er staða hvers nemanda rædd. Einnig er rætt um samstarfið, hvað megi bæta og það sem hefur gengið vel. Deildarstjóri skráir þessa fundi. Samstarfið hefur gengið vel undanfarin ár.

Samstarf við BUGL og samstarfsskólana er því náið og gott og verður viðhaldið með svipuðu sniði áfram.

### ***Velferð og líðan nemenda***

Í öllu skólastarfi er velferð og líðan nemenda mikilvægasti þátturinn. Nemendur sem koma í Brúarskóla hafa margir hverjir neikvæða upplifun af skóla og þeim getur reynst erfitt að koma í nýtt skólaumhverfi. Flestir nemendur hafa stutta viðdvöl í Brúarskóla, oft um eitt skólaár. Því er mikilvægt að huga að líðan þeirra og markmiðið að byggja upp jákvæða upplifun af skólastarfi hjá þeim.

Brúarskóli er fámennur skóli og nemendur í litlum hópum sem gefur starfsmönnum skólans mikilvægt færi á að mynda góð tengsl við nemendur, kynnast þeim vel og læra að þekkja styrkleika þeirra. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd nemenda og efla skólafærni þeirra. Starfsmenn leggja kapp á að hrósa nemendum þegar færi gefst og hvetja þá áfram í skólastarfinu.

Niðurstöður innra mats skólaárið 2017-2018 sýndu að 38% nemenda líður illa (*illa* eða *oft illa*) í skólanum og aðeins rúmlega helmingur nemenda taldi að sér gengi vel í skólanum. Þessar niðurstöður þóttu ekki ásættanlegar og var því sett inn í umbótaáætlun skólans 2018-2020 að bæta líðan nemenda í skólanum og vekja áhuga þeirra á náminu.

Áætlað var að leggja könnun fyrir alla nemendur í Vesturhlíð og þátttökubekkjum í maí en það fórst fyrir. Könnunin var aðeins lögð fyrir fáa nemendur svo niðurstöður eru ekki áreiðanlegar.



## Samantekt

Hér á eftir er samantekt á niðurstöðum úr innra mati í Brúarskóla skólaárið 2017-2018. Dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til umbóta fyrir hvern þátt. Tækifæri til umbóta liggja síðan til grundvallar umbótaáætlunar fyrir skólaárið 2018-2019.

### ***Vinnuáætlanir***

#### ***Styrkleikar***

- Vinnuáætlun gerð fyrir hvern nemanda
- Markmið oft skýr, einföld og mælanleg
- Hefur gefið góða raun að hafa vinnuáætlun sýnilega nemendum

#### ***Tækifæri til umbóta***

- Vinnuáætlun þarf að vera einfaldari og skýrari
- Vinnuáætlun þarf að vera sýnilegri nemendum
- Markmiðsetning og mat þarf að vera markvissara

### ***Lýðræðisleg vinnubrögð***

#### ***Styrkleikar***

- Komið til móts við áhuga nemenda í verkefnavali í mörgum greinum
- Nemendum gefinn kostur á að hafa áhrif á röð verkefna
- Nemendum gefið færi á að koma hugmyndum sínum og óskum á framfæri

#### ***Tækifæri til umbóta***

- Ræða reglulega við nemendur um markmið í námi og hegðun og hafa þá með í að setja sér markmið
- Ræða reglulega við nemendur um gengi þeirra

### ***Ráðgjöf innan Brúarskóla***

#### ***Styrkleikar***

- Móttökur á ráðgjafarsviði þægilegar
- Flestum finnst ráðgjöfin nýtast í starfi. Góð endurgjöf á starfið og nýjar nálganir

#### ***Tækifæri til umbóta***

- Nálgun ráðgjafa meira leiðbeinandi en skipandi
- Ráðgjafar kynnist nemendum og starfinu betur

### ***Faglegt samstarf***

#### ***Styrkleikar***

- Fagfundir kennara hafa nýst vel þegar umræða er markviss

#### ***Tækifæri til umbóta***

- Hafa fundarstjórn og fyrir fram ákveðið umræðuefni á fundum

### ***Samstarf við samstarfsskóla og BUGL***

#### ***Styrkleikar***

- Reglulegt og gott samstarf er á milli þátttökubekkja og samstarfsskóla og á milli Dalbrautar og BUGL.

#### ***Tækifæri til umbóta***

- Viðhalda þarf góðu samstarfi.

### ***Velferð og líðan nemenda***

#### ***Styrkleikar***

#### ***Tækifæri til umbóta***

- Kanna þarf líðan nemenda reglulega.

### ***Umbótaáætlun 2018-2020***

Þeir þættir í umbótaáætlun sem átti að vinna sérstaklega með skólaárið 2018-2019 snéru að velferð og líðan nemenda, annars vegar að bæta líðan nemenda og hins vegar að vekja áhuga þeirra á náminu. Mat á þessum þáttum var ekki markvisst. Úr því þarf að bæta skólaárið 2019-2020.

## Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir (ritstjórar). (2012). *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur. Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar*. Sótt af:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulytingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf)

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

## Gögn

Könnun *Ráðgjafarsvið vor 2019*. Lögð rafrænt fyrir starfsmenn Brúarskóla í maí 2019.

Fundaskráningar af fagfundum kennara skólaárið 2018-2019.

Skráningar úr starfsmannaviðtölum sem tekin voru á vorönn 2019.